

EFTIRLITSSKÝRSLA

Borgarbyggð Bjarnhólar



Dags eftirlits	4.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Borgarbyggð	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Borgarbraut 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrafnhildur Tryggvadóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360101,859 451983,822

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á móttökustað fyrir úrgang Borgarbyggðar að Bjarnhólum í landi Hamars. Samkvæmt starfsleyfinu er heimild til geymslu brotamálms, timburs og efnis til jarðgerðar ásamt urðunar á óvirkum úrgangi.

Í eftirlitinu komu ekki fram frávík frá starfsleyfi en tveimur ábendingum var komið á framfæri er varðar umhverfismarkmið og meðhöndlun múrbrot.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Starfshættir skv. 3. kafla starfsleyfis
2. Skráningar skv. grein 4.1 í starfsleyfi
3. Vöktunarmælingar skv. grein 4.2 í starfsleyfi
4. Áætlanir og önnur gagnaskil
5. Skoðunarferð

1. Í upphafi eftirlitsfundar var eftirlitsaðila afhent kort af svæðinu og farið var yfir skipulag urðunarstaðarins. Kurlun á timbri hófst síðastliðið vor og er talsvert stór haugur sem bíður kurlunar. Þá er sveitarfélagið að leita að fleiri endurnýtingarleiðum fyrir kurlaða efnið þar sem að uppsafnað magn er talsvert umfram það sem kemur til með að nýtast í beð, stíga á vegum ofl. Þess háttar í sveitarfélaginu. Framleiðsla á moltu (jarðgerð) er ekki hafin og garðaúrgangi til jarðgerðar nú safnað upp á urðunarstaðnum. Þá er talsvert magn af járnbentum múrbrotum sem bíða meðhöndlunar áður en þau eru tæk til urðunar. Á árinu 2019 eru áætlanir að hefja landmótun í samræmi við deiliskipulag, þar sem að gert er ráð fyrir jarðvegsmönnum m.a. til að lágmarka fok. Sá úrgangur sem er á svæðinu er geymdur til frekari meðhöndlunar og því hefur ekki komið til urðunar nema af mjög litlu leiti eða rétt um 19 tonn skv skráningum árið 2016 og 2017. Verktakar sem hafa heimild til losunar inn á svæði fá aðgang að svæðinu símleidis. Engin mengunaróhöpp eða kvartanir hafa verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar frá síðasta eftirliti.

2. Skýrslu um niðurstöður skráninga fyrir rekstrarárið 2017 var skilað til Umhverfisstofnunar þann 30. apríl sl. og magnþölur úrgangs árið 2017 var skilað rafrænt til Umhverfisstofnunar í gegnum vefgátt. Rekstraraðili færir rök fyrir að sig urðunarstaðarins sé óverulegt þar sem að eingöngu er heimild fyrir urðun óvirks úrgangs. Mælingar á sigi hafa ekki verið gerðar til þessa.

3. Vöktunarmælingar voru framkvæmdar í grunnvatni í þremur mælibrunnum umhverfis urðunarstaðinn og í yfirborðsvatni í læk vestan við urðunarstaðinn. Niðurstöður mælinga sem voru framkvæmdar 2016 og 2018 sýna að mengun er vel innan skilgreindra viðmiðunarmarka.

4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda kemur fram í deiliskipulagi svæðisins. Minnt var á mikilvægi þess að kynna viðbragðsáætlunina fyrir vertökum og þeirra sem koma inn á og þjónusta urðunarstaðinn. Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

5. Að loknum eftirlitsfundi var ekið um urðunarstaðinn. Svæðið er lokað af með tveimur læstum hliðum svo aðgangur að svæðinu er takmarkaður með viðunandi hætti. Eins og kemur fram í skýrslu rekstraraðila þrengir að losunarsvæði fyrir timbur. Þá kom í ljós að múrbot eru geymd út fyrir skilgreint geymslusvæði fyrir endurvinnslu múrbrots. Járn var sýnilegt víða upp úr hagunum. Ekki var sýnilegt fok eða vísbendingar um mengun frá urðunarstaðnum.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var leiðbeint um að hafa umhverfismarkmið sýnileg og geta þeirra t.d. í ársskýrslu. Mikilvægt er að markmiðin séu kynnt aðilum sem koma að rekstri urðunarstaðarins og séu mælanleg til að meta hvort þau séu að

skila árangri.

Mikilvægt er að rekstraraðili hefji meðhöndlun á múrbrotum sem fyrst en samkvæmt starfsleyfinu er móttaka brotamálma eingöngu heimild sem nemur 10 tonnum á ári og skal geymslumagn þess ekki umfram því sem rúmast í tveimur gámum. Erfitt er að leggja mat á magn járnabindinga sem eru í múrbrotunum sem tekið hefur verið á móti nú þegar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.01.2019



Halla Einarsdóttir